



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2023
UST202311-092/S.A.J.
09.00

Efni: Ósk um umsögn - Frumvarp til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga

Vísað er til erindis umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá 11. nóvember sl. þar sem óskað var eftir ábendingum eða athugasemdum frá Umhverfisstofnun er varðar framkvæmd laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, verði frumvarpið að lögum.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi ábendingar og athugasemdum á framfæri:

- Óskað er eftir aðkomu að skipulagningu framkvæmda til að vera vel upplýst og getað brugðist við sem fyrst. Hvað varðar framfylgni náttúruverndarlaga á framkvæmdum á eldgosasvæði síðustu 3 ár, hefur aðkomu sérfræðinga Umhverfisstofnunar verið mikilvæg til að lágmarka áhrif framkvæmda á umhverfi og náttúru. Þetta var gert með beinni aðkomu Umhverfisstofnunar í aðgerðarstjórn og samráðshópi um framkvæmdir á náttúruhamfarasvæði. Umhverfisstofnun leggur til að svipað fyrirkomulag sé til líka fyrir þessar framkvæmdir.
- Til að tryggja sem besta afgreiðslu á erindi skv. 3. gr. þurfa nákvæm gögn að fylgja, svo sem staðsetningu framkvæmdarinnar og hvar efnistaka er fyrirhuguð.
- Til að tryggja skjóta afgreiðslu Umhverfisstofnunar skv. 3. gr. er æskilegt að haft verður beint samband við tengilið stofnunarinnar í þessu máli sem er teymisstjóri í teymi starfsleyfa og umsagna í netfang sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is og að erindið verði jafnframt sent almenna netfangi Umhverfisstofnunar ust@ust.is.
- Til að tryggja sem besta upplýsingaflæði til þeirra yfirvalda sem annast stjórnsýslu skv. 4. gr. laganna vill stofnunin benda á að æskilegt sé að senda tilkynningu á heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem annast m.a. útgáfu leyfa og eftirlit með efnistökusvæðum.
- Hafa ber í huga að engin heimild er fyrir ráðherra að veita undanþágur frá leyfisveitingu vegna almannavarna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 er hins vegar mælt fyrir um heimild Umhverfisstofnunar til að veita bráðabirgðaheimild sem felur í sér styttri málsmeðferð en skilyrði þess að undanþága sé veitt er m.a. að fyrir liggi fullnægjandi gögn og upplýsingar, skipulag og mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Starfsleyfi þarf t.d. fyrir olíubirgðastöðvar, jarðboranir, gististaði og brennsluver. Engin heimild er í lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur um styttri afgreiðslu en ORF er með starfsemi í Grindavík.

6. Svo koma megi í veg fyrir óþarfa náttúruspjöll er ávallt mikilvægt að halda raski í lágmarki.
7. Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að framkvæmdir þær er verða heimilaðar skv. frumvarpinu eru einungis þær framkvæmdir er ekki þola nokkra bið.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymissjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur